



2. tbl.

Skólaárið 2017 / 2018

Fréttabréf GSnb



Ágætu foreldrar og forráðamenn

Mikil veðursæld er búin að vera nú í haust. Kennarar hafa verið duglegir að nýta sér hana og farið með nemendur í margvíslega útivist, m.a. fóru nemendur okkar í sjöunda bekk í velheppnaða ferð að Reykjum um miðjan október. Í stuttu máli má segja þeim það til hróss að þeir voru sjálfum sér og skólanum til sóma.

Í næstu viku er skipulagsdagur þriðjudaginn 7. nóvember, þá er frí hjá nemendum og mánudaginn 13. nóvember er uppgjör á vinnu nemenda. Nemendur, foreldrar og kennarar fara saman yfir niðurstöður frammistöðumatsins. Matið verður sýnilegt foreldrum á Mentor föstudaginn 10.11. Nemendur í 8.-10. bekk eru nú virkir í matinu og meta sig sjálfir. Samtalið mun ganga út á að meta styrkleika nemenda, hvað þeir ætla að leggja áherslu á og setja sér markmið



Skóli sem lærir

Í skólum er mikilvægt að starfsfólki læri, ekki síður en nemendur, sem gerir þeim kleift að sinna starfi sínu jafn vel eða betur en áður. Nú í haust hefur skólinn staðið fyrir ýmsum námskeiðum fyrir starfsfólk, áhersla þessa skólaárs er á læsi, stærðfræði og upplýsinga- og tæknimennt. Það helsta er:

- * Læsi í samfellu skólastiganna.- Lestrarnámsferlið í víðtækri merkingu. Ráðstefna sem FSSF stóð fyrir í haust fyrir starfsfólk grunn- og leikskóla.
- * Teymiskennsla - Þórhildur Helga Þorleifsdóttir, kennsluráðgjafi.
- * Læsi og læsisstefnur. Læsiráðgjafar frá MMS – Guðbjörg Rut Þórisdóttir og Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir.
- * Læsi tvítýngdra nemenda, ráðgjafi frá MMS – Hulda Karen Daniélsdóttir.
- * Sjö venjur til árangurs– Inga Stefánsdóttir og Sigurður Ragnarsson sálfræðingar.
- * Örnámskeið í upplýsinga- og tæknimennt:
 - * kynning á Office 365
 - * tækninýjungum í skólastarfi.

Auk þessa má geta þess að við erum þátttakendur í starfsþróun stærðfræðileiðtoga með leiðsögn kennara frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Þrjú kennarar eru í framhaldsnámi á háskólastigi og tveir aðrir að sækja sér starfsréttindi. Jafnframt er starfsfólk skólans duglegt að sækja fundi, námskeið og ráðstefnur til að styrkja sig í starfi og efla tengslanet sín.



Fréttabréf Grunnskóla Snæfellsbæjar

Útgefandi: Grsk. Snæfellsbæjar

Ritsjóri og ábm.: Hilmar Már Arason

Sjálfsmatsskýrsla og starfsáætlun

Í haust kom út sjálfsmatsskýrsla skólans og í kjölfar hennar var unnin aðgerðaáætlun þar



sem tilgreindir eru þeir þættir sem komu illa út og að hverju er stefnt til að bæta starfið. Á heimasíðu skólans á slóðinni <https://www.gsnb.is/sjalfsmat> er hægt að nálgast þessi gögn. Á heimasíðu skólans er hægt að nálgast Starfsáætlun fyrir þetta skólaár á slóðinni: https://issuu.com/grunnskolisnaefellsbaejar/docs/starfs___tln_gsnb_25.09.2017 Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert.

Sumarlestur

Í sumar stóðu Grunnskóli Snæfellsbæjar og Bókasafn Snæfellsbæjar fyrir sumarlestri þar sem nemendur voru hvattir til lesturs yfir sumarið. Þetta er í annað árið í röð sem þessir aðilar standa sameiginlega fyrir sumarlestri. Þátttakan var mun betri nú en í fyrra skiptið og er rétt að þakka þeim foreldrum fyrir að halda lestri að börnum sínum. Nemendur þurftu að skrá í lestrarþessa stutta umsögn um sex bækur sem þeir lásu og skila inn í lok ágúst. Tveir nemendur voru dregnir úr hópi þeirra sem skiluðu lestrarþésunum, Alma Begic úr yngri deild (1.-5. bekk) og Hjörtur Sigurðsson úr eldri deild (6.-10. bekk). Fengu þau iPada í verðlaun.

Það er gríðarlega mikilvægt að nemendur lesi í fríum, s.s. jóla-, páska- og sumarfríum. Rannsóknir sýna að það taki þá nemendur sem ekki lesa yfir sumarið rúma tvo mánuði að komast á sama stað og þeir voru um vorið í lestri á meðan þeir sem lesa yfir sumarið taka framförum.

Góð gjöf

Í sumar var aðstaða til smíðakennslu í Grunnskóla Snæfellsbæjar stórlega bætt. Kennslurýmið var endurskipulagt, þrifið, málað og keyptir 12 hefilbekkir. Lionsklúbbur Ólafsvíkur kom að þessum framkvæmdum með myndarlegum hætti og gaf skólanum sex hefilbekki. Hér með eru þeim færðar þakkir fyrir þann stórhug sem þeir sýna skólanum.

Frá umhverfisteyminu

Grunnskóli Snæfellsbæjar er stoltur handhafi Grænánans og hefur undanfarin ár unnið markvisst að því að bæta starf skólans til að gera hann umhverfisvænni.

Næsta skref hjá okkur er að minnka umfang umbúða í skólanum og draga úr matarsóun. Ein leið til þess er sú að nemendur taka allt nesti með sér heim í lok dags og þar á meðal allar umbúðir sem falla til.

Ávinningur þess fyrir foreldra er annars vegar að sjá hversu mikið barn þeirra borðar af því nesti sem það er sent með í skólann og hins vegar að gera sér grein fyrir hversu miklar umbúðir falla til.

Að mörgu er hygga, t.d. þarf að huga að því þegar barn er sent með skyr eða jógúrt, að ganga þannig frá því í skólatöskuna að það spilli engu í töskunni því að allir afgangar og hálfkláraðar dósir taka börnin með sér heim.

Sjálfsmynd og samskipti unglunga

Nú í haust höfum við lagt áherslu á bætt samskipti hjá unglingunum. Í upphafi skólaárs fóru Lilja Stefánsdóttir, deildarstjóri, og Hrönn Árnadóttir, kennari, í vinnu með nemendum þar sem lögð var áhersla á að styrkja þá sem einstaklinga. Fóru þær með nemendum í hópefli og þjálfuðu þá í að setja sér markmið. Í lokin fóru nemendur á dansnámskeið hjá Jóni Pétri og Lilju þar sem áhersla var lögð á félagsfærni nemenda. Í október fengum við síðan þau Bjarna Fritzon og Kristínu Tómasdóttur í heimsókn til nemenda í 5.-10. bekk. Héldu þau áfram þar sem frá var horfið en með aðra áherslu á að styrkja sjálfsmynd nemenda og félagsfærni þeirra. Um kvöldið hélt Bjarni síðan námskeið fyrir foreldra. Foreldrafélag skólans, norðan heiðar, stóð fyrir komu þeirra og viljum við þakka fyrir framtakið.

Að lokum vil ég leggja áherslu á að í skólanum okkar er unnið metnaðarfullt og gott starf. Alltaf má gera betur og mikilvægt er að þeir sem mynda skólasamfélagið ræði á uppbyggilegan hátt um skólastarfið, bendi á hvað má betur fara og hafi hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

